



„Grænfáninn“

Kirkjubæjarklaustri 12. mars 2010

Skýrsla leikskólans Kærabæjar á Kirkjubæjarklaustri fyrir Grænfánann 2010

Í annað sinn sækjum við um Grænfánann fyrir leikskólann Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri.

Kæríbær fékk fánann, fyrstur allra skóla í Skaftafellssýslum, 4. júní 2008 og hefur hann blakt við hún fyrir utan skólann samfelld síðan. Við erum óskaplega stolt af því að hafa fengið þessa viðurkenningu sem hvetur okkur áfram til að halda áfram í umhverfismennt og náttúrufræðikennslu á lýðræðislegan hátt. Foreldraráði Kærabæjar var fengið það hlutverk að koma með ábendingar og gagnrýna Skólanámskrána með augum Grænfánans sem það vann að stakri þrýði. Vegna þess að leikskólinn Kæríbær er einnar deildar er eitt umhverfisráð við hann.

Í umhverfisráði sitja elstu tveir árgangar leikskólans ásamt leikskólastjóra, verkefnisstjóra Grænfánaverkefnisins og fulltrúi foreldra. Fulltrúi foreldra er kosinn á foreldrafundi að hausti.

Veturinn 2008-2009 áttu sæti í ráðinu; Þórunn leikskólastjóri, Guðrún verkefnisstjóri, Karítas Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra og sjö börn fædd á árunum 2002 og 2003. Umhverfisráðið hélt fjóra fundir sem allir voru teknir uppá hljóðband og tölvuskráðir að fundi loknum.

Veturinn 2009 - 2010 eiga sæti í ráðinu; Þórunn leikskólastjóri, Guðrún verkefnisstjóri, Unnur Magnúsdóttir fulltrúi foreldra og sjö börn fædd á árunum 2005 og 2006. Umhverfisráðið hefur haldið tvo fundi það sem af er vetri sem báðir eru skráðir.

Eins og sjá má eru þetta mjög ung börn þ.e. á fjórða og fimmta ári þar sem ekkert barn er í elsta árgangi leikskólabarna sem væri þá að fara í grunnskóla næsta vetur (2010-2011).

Verkefni 2008-2010: Vatnið í umhverfi okkar.

Á síðustu tveimur árum höfum við einbeitt okkur að okkar nánasta umhverfi og vatninu í umhverfi okkar. Við höfum unnið margskonar verkefni því tengt.

Meðal þeirra verkefna sem við höfum unnið eru ; tilraunir með vatn hvað flýtur og hvað sekkur, við höfum gert tilraunir með frost og hita þ.e. hvernig vatn breytir um form m.a. með því að fylla dósir af vatni og verðlausu efni s.s. könglum og frysta og hengja síðan uppí tré og sjá bráðna.

Við settum upp regnmæli og höfum fylgst með því hvort eitthvað safnist í hann, mikið eða lítið. Við höfum safnað vatnssýnum úr nánasta umhverfi okkar. Við erum svo heppin að hafa jökulá, Skaftá, við lóðarmörk leikskólans og tókum vatnssýni úr henni og bárum saman við vatnssýni úr drullupollum, Fossá og „Fúlalæk“. Samanburðurinn fólst í því að lykta og skoða mismunandi grugg og set. Við höfum hvatt þá sem hafa farið erlendis á tímanum að taka með sér vatnssýni og færa okkur og eigum við von á sýnum frá Fillipseyjum, Danmörku og Brussell!

Við höfðum einn dag í leikskólanum vatnslausan frá hádegi. Við skrúfuðum fyrir vatn í vaska og klósett. Við það varð nauðsyn vatnsins börnunum mjög áþreifanleg. Þann dag útbjuggum við hugmyndakort þar sem við skráðum niður hvaða hugmyndir börnin hafa um vatnið. Uppúr því varð til rannsóknarspurningin „Hvaðan kemur vatnið í kranana?“ sem við munum kanna fyrir sumarið.

Umhverfissáttmáli Kærabæjar er:

Í leikskólanum Kærabæ er áhersla lögð á að draga úr umfangi sorps, að endurnýta á sem fjölbreyttasta hátt og að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi leikskólans. Í leikskólanum er unnið að því að Staðardagskrá 21 verði framfylgt eftir bestu getu en rekstraraðili leikskólans er þátttakandi í því verkefni. Til þess að halda umhverfi okkar hreinu einsetjum við okkur að tína upp það rusl sem á vegi okkar verður í vettvangsferðum og hirðum úr því það sem við getur nýtt í skapandi starf.

Umhverfismarkmið leikskólans eru:

1. Að við lærum að þekkja nánasta umhverfi og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu í heild sinni.
2. Að vernda umhverfið og náttúruna með því að bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
3. Að bara ábyrgð á meðferð úrgangs sem frá okkur fer.
4. Að flokkun og endurvinnsla verði sjálfsagður hlutur í leikskólanum.
5. Að gera okkur grein fyrir að vatnið er dýrmæt auðlind.
6. Að kynnst ræktunarferli með því að rækta grænmeti, jurtir og blóm.

Leiðir að markmiðum.

1. Þessu markmiði er reynt að ná með því að í hvert sinn sem farið er út fyrir leikskólalóðina er sjónum barnanna beint að kennileitum í umhverfinu. Við horfum til Örafajökuls (Vatnajökuls) í austri og horfum á jökulsána Skaftá renna við túnfótinn.
2. Í hvert sinn sem gengið er fram á rusl liggjandi á víðavangi er það tekið upp og sett í næstu ruslafötu. Á lóðinni okkar reynum við að vernda grasflatir og hól fyrir of miklum ágangi og höfum m.a. tekið torfur til að bæta holur sem höfðu myndast. Við höfum beint sjónum okkar að vatninu og notkun þess og einsett okkur að slökkva ljós í mannlásum herbergjum og slökkva á rafmagnsofnunum þegar gluggar eru opnir.
3. Allur úrgangur sem frá okkur fer er grófflokkaður, plast, ál, pappír, drykkjarfernur og matarafgangar fara í þar til gerðar tunnur og þaðan í endurvinnslu og moltugerð. Börnin eru virkir þátttakendur í því að flokka endurvinnanlegt efni og nýta það gjarnan í skapandi starfi.
4. Hlutverk „þjónsins“ er að flokka það endurvinnanlega efni sem fellur til og er safnað sama á einn stað í eldhúsinu.
5. Börnin hafa upplifað það í gegnum verkefnið „Vatnið í umhverfi okkar“ að vatnið er ómissandi. Þau hafa m.a. upplifað vatnslausan dag og fengið að lykta að jökulvatni sem er ekki drykkjarhæft.
6. Á vorin setjum við niður kartöflur og sáum gulrótum. Við erum með jarðaberjaplöntur í garðinum sem bera ávöxt sem börn og fuglar keppast um. Síðasta vor fengum við moltu úr moltugerðinni á Klaustri og notuðum sem áburð í garðinn.

Nánar um leiðir að markmiðum umhverfisstefnunnar.

Í ljósi þess að leikskólabörn eru ungur nemendur leggjum við áherslu á að flétta umhverfismenntina sem mest inni daglega lífið og leikinn. Eins og fram hefur komið eru elstu börnin í vetur á fimmta ári (fædd 2005). Það hefur verið okkur hvatning til að takast á við að finna leiðir til að vinna að verkefnum umhverfismenntarinnar með svo ungum börnum eingöngu. Þær línur sem við lögðum í upphafi að virkja börnin til þátttöku í flokkun á úrgangi og endurvinnanlegu efni fellur mjög vel að starfi leikskólans.

Þá eru umhverfisnefndarfundirnir í sérstöku uppáhaldi hjá okkur fullorðna fólkinu þar sem tækifæri gefst til að þjálfa lýðræðisleg vinnubrögð s.s. að hlusta á hvort annað, ræða málin og taka afstöðu.

Þetta verkefni varð okkur hvatning til að vinna heildstæða námskrá í náttúrufræði og umhverfismennt (sjá fylgiskjal 1). Þar tengjum við saman námsvið leikskólans, samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 og „Grænfánaverkefni“. Námsvið leikskólanna eru málrækt, myndsköpun, hreyfing, tónlist, menning og samfélag og náttúra og umhverfi. Áhersluatriðin í náttúru og umhverfi eru sett fyrir hvern mánuð fyrir sig og unnið með á öllum námssviðum og í Grænfána verkefninu. Með þessu móti fléttum við umhverfismennt inni öll námssvið leikskólans og daglega lífið.

Eftirlit, mat og upplýsingaveita.

Á hverjum degi er skráð á blað í fataklefa þau viðfangsefni sem börnin hafa verið að fást við. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynna sér hvað börnin þeirra hafa verið að fást við.

Reglulega tekur leikskólastjóri saman í stöplarit viðfangsefni og þannig má sjá hvort unnið er eftir áður nefndri námskrá þ.e. hvort hún sé hin virka námskrá.

Árlega fer fram innra mat á starfi leikskólans þar sem umhverfismál eru metin eins og annað í starfsemi leikskólans.

Lokaorð.

Að vinna með börnum er að vinna að málefnum framtíðarinnar. Að vinna að umhverfismálum er að vinna að málefnum framtíðarinnar. Málefni framtíðarinnar eru endalaus áskorun um að standa sig enn betur á öllum sviðum. Stór málefni bíða okkar og krefjast lýðræðislegra vinnubragða. Að vinna að því að leikskólinn Kæríbær verði áfram umhverfisvæn menntastofnun er áskorun sem okkur er ljúft að vinna að á lýðræðislegan hátt.

Við vonum að okkur takist áfram að vinna að þessum mikilvægu málum sem umhverfismál eru en þetta verkefni hefur sannarlega verið okkur hvatning til þess á öllum sviðum.

F.h. Umhverfisnefndar Kærabæjar

Þórunn Júlíusdóttir

Skólastjóri leikskólans Kærabæjar

Leikskólinn Kæríbær
Skaftárvöllum
sími: 487-4803
netfang: leikskoli@klaustur.is
heimasíða: <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Námskrá leikskólans Kærabæjar í náttúrufræði og umhverfismennt.(sér skjal)

Fylgiskjal 2: umhverfisgátlisti fyrir skóla á græni grein.(sér skjal)

Fylgiskjal 3: Fundagerðir umhverfisnefndar.

Fyrsti fundur í umhverfisnefnd haldinn 28.02.2008. klukkan 9:30.

Á fundinn mættu, fulltrúar nemenda: Eiður Örn, Sólrún Lára, Eyþór Ari og Birta Sóley fjarverandi voru Laufey Lind, Erna Salóme og Björgvin Daði. Fulltrúar starfsfólks: Þórunn og Guðrún. Fulltrúi foreldra: Karítas Kristjánsdóttir.

Þórunn byrjar á að bjóða alla velkomna á fund og kynnir fyrir okkur þá reglu að til þessa að fá orðið rétti við upp hendi. Þórunn segir aðeins frá því sem við höfum verið að gera í tengslum við flokkun á rusli og spurði börnin um það hvort þau vissu hvar gráukassarnir sem notaðir eru undir flokkaða ruslið væri. Eyþór svara því játandi og sagði okkur að þeir væru í málingaherberginu.

Þórunn setur fram tillögu um að þjónninn okkar flokki það rusl sem við teljum okkur geta notað aftur þegar hann væri búin að setja matarafgangana í Svanga Manga. Í framhaldi af því sýnir Þórunn okkur nokkur dæmi um rusl sem kannski er hægt að nota aftur. Við ræðum aðeins hvað við getum gert við til dæmis lok af mysingsdós og Eyþór nefnir að til dæmis sé hægt að geyma eitthvað í því og aðspurðu nefnir hann til dæmis litla steina sem búið er að safna. Þessi tilaga Þórunnar var samþykkt með öllum atkvæðum.

Þórunn spyr líka að því hversvegna við séum að safna svona rusli og af hverju við hendum því ekki bara? Allir voru sammála um að það væri svo gaman að búa eitthvað til úr því. Að lokum fórum við inn í málingaherbergi og skoðuðum gráu kassana og flokkuðum það rusl sem Þórunn hafði komið með á fundinn.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Annar fundur í umhverfisnefnd haldinn 06.05.2008. klukkan 13:00.

Á fundinn mættu, fulltrúar nemenda: Eiður Örn, Eyþór Ari, Erna Salóme, Sigríður Lóa og Birta Sóley fjarverandi voru Laufey Lind og Sólrún Lára. Fulltrúar starfsfólks: Þórunn og Guðrún. Fulltrúi foreldra: Karítas Kristjánsdóttir.

Þórunn byrjar á að bjóða alla velkomna á fund og Minnir okkur á þá reglu að til þessa að fá orðið réttum við upp hendi.

Fulltrúar fundar rifja upp það sem fram kom á síðasta fundi og þá ákvörðun að bæta við hlutverk þjónsins að hann flokki það rusl sem við teljum okkur geta notað aftur. Kom fram að þessi viðbót hefur gengið mjög vel.

Þórunn spyr fundarmenn hvort það sé eitthvað sem þeir telji að þurfi að laga úti á lóðinni okkar. Fulltrúar nemenda bentu á að týna þurfi upp grjótið í grasinu. Eiður bendir á að laga þurfi grindverkið. Eyþór bendir á að laga þurfi hólinn því það sé gat á honum, rætt er um hvernig best sé að laga holuna og holuna á túninu sunnan megin við húsið. Sigríður bendir á að fyrst þurfi að setja meiri mold í þær og svo gras. Erna leggur fram tillögu um að fara núna út með poka og týna rusl á lóðinni og var sú tillaga samþykkt.

Fundi slitið klukkan 13:20.

Priðji fundur í umhverfisnefnd haldinn 29.05.2008. klukkan 13:30.

Á fundinn mættu, fulltrúar nemenda: Eiður Örn, Eyþór Ari, Erna Salóme, Sigríður Lóa, Sólrún Lára og Laufey Lind fjarverandi var Birta Sóley. Fulltrúar starfsfólks: Þórunn og Guðrún. Fulltrúi foreldra: Karítas Kristjánsdóttir.

Þórunn byrjar á að bjóða alla velkomna á fund og spyr fundarmenn hvort þeir muni hvað gert var á síðasta fundi. Eyþór talar um að ákveðið hafi verið að laga hólinn.

Gunna les fundagerð síðasta fundar og farið er yfir það hvað búið er að gera af því sem ákveðið var á þeim fundi.

Grænfáninn skoðaður og talað um hvað við sjáum á honum. Fundarmenn sjá fótspor, bók, lauf, karl og tré. Þórunn les úr blaði landverndar Kríunni, fyrir hvað myndin á Grænfánanum stendur. „Hringurinn getur táknað Jörðina eða Sólina. Tréð og maðurinn er eitt, maðurinn er hluti af náttúrunni og það er fólki lífsnauðsynlegt að fara vel með náttúruna. Bókin minnir á að stundum vitum við ekki allt en verðum að lesa okkur til og læra. Litirnir geta líka táknað, grænt fyrir gróður sem er undirstaða alls lífs, blátt og hvítt fyrir hreint vatn og loft.“

Þórunn þakkar fyrir góðan fund.

Fundi slitið klukkan 13:45.

Fjórði fundur í umhverfisnefnd haldinn 24.11.2008 klukkan 14.00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Birta Sóley, Eiður Örn og Marianna Katrín. Fulltrúi starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir og fulltrúi foreldra Karítas Kristjánsdóttir.

Þórunn setti fundinn, bauð alla velkomna og tilkynnti að hún yrði fundarstjóri. Fundurinn var tekinn upp á hljóðband og fundargerðin rituð niður eftir því. Þórunn las upp fundargerð síðasta fundar frá 29. maí s.l. Á þeim fundi var meðal annars farið yfir tákni Grænfánans. Það var því rifjað upp á þessum fundi líka.

Þórunn spurði fundarmenn hvort að þeir vildu tala um eitthvað sérstakt á þessum fundi. Enginn hafði neitt efni með á fundinn og fundarstjóri kallaði eftir því hvort að þeim dytti eitthvað efni í hug úr umhverfinu okkar núna sem gaman væri að tala um og skoða og leika sér með í vetur. Með því að horfa út um gluggann sáu fundarmenn ýmislegt. Meðal annars rennibraut, steina, rólur, dekk, gras, snjó ofl. Við veltum því fyrir okkur hvað af þessu væri gert af mönnunum og hvað af náttúrunni. „Urðu rólurnar til í eldgosi“? Nei „Gerði sólin rólurnar“? Nei „Hver þá“? „Einhver bílamaður“.

Börnin tóku eftir því að það var snjór úti og vissu það að ef hann yrði tekinn inn þá mundi hann bráðna og þá mundi hann breytast í vatn. En hvað mundi gerast ef við færum svo aftur með vatnið út? Þá kæmi bleyta. En ef það kæmi síðan frost þá yrði það að klaka.

Þórunn sagði að gaman væri að skoða vatnið aðeins betur því að þegar við förum út í gönguferðir þá sjáum við alltaf eitthvað vatn. Það væri t.d. gaman að skoða vatnið í Skaftá, fara með krukku og taka vatnssýni og taka vatnssýni úr fossánni. Umræður spunnust um það hvað það er hættulegt að fara að

Leikskólinn Kæríbær
Skaftárvöllum
sími: 487-4803
netfang: leikskoli@klaustur.is
heimasíða: <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Skaftá og að börn verði að fara það í fylgd með fullorðnum. Ákveðið var að fara í rannsóknarleiðangur og skoða vatnið.

Sú hugmynd kom frá fulltrúa foreldra að nýta smásjána til þess að skoða vatnið.

Þórunn kannaði það hjá hópnum hvort að þau vissu af því að frá Kirkjubæjarklaustri má sjá hæsta tind landsins sem er Hvannadalshnjúkur í Örfafjökli. Ekkert þeirra þekkti það með nafni og því var ákveðið að skoða það betur fram á næsta fund. Umræður spunnust um það hvað jökull er. Á Íslandi er mikill ís í jöklunum.

Í lok fundarins voru niðurstöður þær að það er margt sem við vitum um vatnið en það er líka margt sem við ætlum að skoða fram á næsta fund. Ákveðið var að skoða vatnið, snjóinn og ísinn á Kirkjubæjarklaustri með því t.d. að fara út og taka sýni og með því að leita í bókum eins og Grænfáninn bendir okkur á að gera. Við höfum t.d. ekki tök á því að fara út og mæla hvað Vatnajökull er stór en getum eflaust fundið upplýsingar um það í bókum.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnanlegar umræður og sagði fundi slitið. Að honum loknum sýndu börnin Karítas litlu köngulærnar sem komnar eru út úr eggjunum sem við tókum inn í haust!!

Fundi slitið kl. 13.15.

Fimmti fundur í umhverfisnefnd haldinn 12.10.2009 klukkan 14.00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Kristján Berg, Svava Margrét, Jódís Assa, Sóley Dröfn og Sveinn Hartvig. Fulltrúi starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Fulltrúi foreldra Unnur Magnúsdóttir.

Þórunn setti fundinn, bauð alla velkomna og tilkynnti að hún yrði fundarstjóri. Fundurinn var tekinn upp á hljóðband og fundargerðin rituð niður eftir því. Þórunn byrjar á að sýna fundargestum Grænfánann og rifjaði upp merkingu tákna hans.

Rætt er um vatnið og sjóinn og hvað sé í sjónum, rætt um að skoða vatnið betur í vetur. Segjum Unni frá því hvað þjóni gerir við matarfgangana eftir matinn og hvernig hann flokkar ruslið og hvar. Þórunn spyr hvernig við getum skoðað betur vatnið á Kirkjubæjarklaustri. Fyrsta svar var að við gætum skoðað það með augunum. Guðrún kom með tillögu um að setja vatnið í vasann, en öðrum fundarmönnum leist ekki vel á það vegna þess að eins og einn fundarmanna benti réttilega á, að vatnið myndi bara leka niður úr vasanum. Þórunn spyr þá hvort einhver viti um betri leið og stakk Kristján upp á því að vatnið yrði sett í poka og var ákveðið að vera búin að sækja vatnið fyrir næsta umhverfisnefndarfund.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnanlegar umræður og sagði fundi slitið.

Fundi slitið kl. 14.30.

Sjötti fundur í umhverfisnefnd haldinn 22.02.2010 klukkan 14.00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Svava Margrét, Jódís Assa, Lárus og Sigurður Gísli. Fulltrúi starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Fulltrúi foreldra Unnur Magnúsdóttir.

Þórunn setti fundinn, bauð alla velkomna. Fundurinn var tekinn upp á hljóðband og fundargerðin rituð niður eftir því. Þórunn útskýrir stuttlega starf fundarstjóra og minnir fundarmenn á að til að fá orðið verði að rétta upp hendi og bíða þar til fundarstjóri gefur þeim orðið. Þórunn tilkynnti að hún yrði fundarstjóri og las fundagerð síðasta fundar.

Ferðin að skaftá þar sem vatn var sótt í poka var rifjuð upp. Búið var að hella vatninu úr pokunum í krukkur sem við skoðuðum og fundum lyktina af á fundinum.

Vatnslausidagurinn var rifjaður upp. Rifjum upp hvert vatnið fer úr vöskunum þegar sturtað er niður úr klósettinu.

Ræðum hvað við getum gert fyrir næsta fund. Var ákveðið að komast að því hvaðan við fáum vatnið í kranana með því að heimsækja Birgir hjá vatnsveitunni.

Fundarstjóri þakkaði Unni fyrir að koma á fundinn og fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Fundi slitið kl. 14.30.

Námskrá leikskólans Kærabæjar í náttúrufræði og umhverfismennt .

	Málrækt	Myndsköpun	Hreyfing	Tónlist	Menning og sam	Grænfáninn
september Uppskeyra matjurta	Orðaforða aukning er aðal áherslu atriðið alla mánuði ársins!!	Kartöflustimplun	Skógarferð	Út um mó,inní skóg.. Runki fór í réttirnar Foli, foli fótalipri	Skoða matj.garða hjá öðrum. Gefa af uppskerunni	Vatnsmælir settur upp
október Endurvinnslu pappír		Unninn pappír og annað úr pappamassa	Farið á trésmíðaverkstæði	Hvert er horfið laufið	Yngstu börnin í grunnsk. taka þátt.	Tilraunir með vatn Vatn notað til endurvinnslu pappírs
nóvember Kertagerð regnmæling		Kerti steipt og skreytt. Teiknað með kertu	Hjúkrunarheimili aldraðra heimsóttir Klausturhólar	Víð kveikjum einu kerti		Ískubbar notaðir í kertagerð
desember		Búið til jólastkraut úr endurnýtanlegu efni	Kapella sr.Jóns Steingrímssonar heimsótt	Jólalöggin	Kirkjan og Klausturhólar heimsótt.	

	Málrækt	Myndsköpun	Hreyfing	Tónlist	Menning og sam	
janúar Frost og hiti Höfuðáttirnar	norð,suð,aust,vestur.	Frostlistaverk hengd út Bræddir vaxlitir	Fikeldið Glæðir heimsótt	Snet hörpu mína himinb Ein ég sit og sauma Nú er úti norðanvindur		Vatnslaus dagur
febrúar snjótitlingar krummi,mýs		Fuglafóður steipt í feiti Eplakrans fr mýs	Hesthús á Klaustri heimsótt	Frost er úti fuglinn minn Krummi krunkar úti Hani,krummi,hundur ..		Tekin vatnssýni úr nærliggjandi vetnsföllum
mars moltugerð	matarleyfar,molta, mold	mold og límlakk	Sorporkustöðin heimsótt og skoðuð	Hér skal nú glens og gam	Heimsókn í moltugerð Fengin molta	Skoðað vatn frá Fillipseyjum
apríl fræjum sáð	fræ, spíra, þroskast, paprikufræ	Teikna fræ, líma grjón, Teikna blóm	Kirkjugólfið skoðað	Fann ég á fjalli fallega st	Fræjum sáð í moltu	Heimsókn í vatnsveituna
maí Settar n kart			Fjánhúsferð Kartöfl. settar í spírun og settar niður	Það má kallast þj.siður Maístjarnan	Skoða matj.garða hjá öðrum.	

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

Leikskólinn Kærribær Kirkjubæjarklaustri

Skólaárið:

2010 - 2011

Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	x		
2. Pappír er sparaður;	x		
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,		x	Erum með óhentugan prentara
* ljósritað er báðum megin á blöð,	X		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	x		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	x		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,	x		
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	x		
- innan skólans,			Á ekki við vegna fámennis
- á milli heimila og skóla,	x		Sjaldan notað vegna fámennis og lélegrar net tengingar
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	x		
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem	x		

eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,			
* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	x		
3. Rafhlöður eru sparaðar;			
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,		x	Eru ekki til
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	x		
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;			
* fyrir starfsfólk,			Stærð skólans bíður ekki uppá það vegna fámennis
* fyrir nemendur.			Stærð skólans bíður ekki uppá það vegna fámennis
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.		x	Enginn kemur með nesti
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	x		
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppvotti.	x		
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		x	Hylkin bjóða ekki uppá það
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	x		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	x		

Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	x		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	x		
* kennarar,	x		
* skólastjórnendur,	x		
* húsvörður,		x	Skólastjóri er húsvörður
* allt annað starfsfólk skólans,		x	Hér eru bara nemendur og kennarar ásamt ræsti
* ræstingafólk,	x		
* foreldrar.	x		
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,		x	Notum sjálf til listsköpunar
* blandaður pappír,		x	Notum sjálf til listsköpunar
* fernur,	x		Sendum frá okkur það sem við notum ekki sjálf til listsk
* bylgjupappi,		x	Notum sjálf til listsköpunar
* gosílát (<i>dósir og flöskur</i>),	x		Sendum frá okkur það sem við notum ekki sjálf til listsk
* gler (<i>krukkur o.fl.</i>),	x		Sendum frá okkur það sem við notum ekki sjálf til listsk
* málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	x		Sendum frá okkur það sem við notum ekki sjálf til listsk

* rafmagnsvörur og tæki,	x		
* rafhlöður,	x		
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),	x		
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	x		
* föt og klæði,			Á ekki við
* kertaafgangar.		x	Notum sjálf til kertagerðar
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	x		

Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum:			
* gólfhreinsiefni,	x		
* uppvottalögur,	x		
* handsápa,	x		
* gólfbón,	x		
* pappír,	x		
* umslög,	x		
* tölvur og skrifstofutæki,	x		
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ ,	x		
* rafhlöður,	x		
* salernispappír,	x		
* eldhúspappír,	x		
* kaffisíur,	x		
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.	x		
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo.	x		

¹

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

4. Skrifffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;			
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,		x	Verður skoðað næst þegar keypt verður inn
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,		x	Er ekki notað hér
* vatnsleysanlegt lím,	x		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) ² ;	x		
* plastpokar,	x		
* límband, bókaplast,	x		Notum bókaplast í miklu lágmarki
* plasthulstur, möppur,	x		Notum þær sömu aftur og aftur og hendum sjaldan
* glærur,			Er ekki notað hér
* leir, kennaratyggjó.	x		Leirinn er heimagerður
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	x		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	x		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	x		Þegar við á

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitrið. Sumt plastefni er hægt að endurvinna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innaup erfið.

Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	x		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	x		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	x		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).		x	Stefnt að því að koma upp slíku skilti fyrir næsta skólaár
5. Reglulega er farið um skólalóðina:			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	x		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	x		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	x		
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð:	x		
* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	x		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	x		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	x		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,	x		

* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	x		
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	x		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;			
* gefa þeim í vetrarhörkum,	x		
* útbúa fyrir þá fuglahús,		x	
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.	x		
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.		x	Stefnum að því næsta haust
9. Nemendur "taka flag í fóstur".		x	Stefnum að því næsta vor að taka eyri við Skaftá í fóstur
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	x		Við bjóðum eldri nemendum grunnskólans að koma og taka þátt í því að hreinsa og laga til á lóðinni okkar
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.		x	Stefnt að því að tengja leikskólann betur við Vatnajökulspjóðgarð og Kirkjubæjarstofu

Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;		x	Ekki með markvissum hætti
* nemendur,		x	
* kennarar og annað starfsfólk,		x	
* foreldrar.		x	
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.	x	x	Eitt barn kemur með skólabíl, annars erfitt vegna dreifbýlis
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.		x	
4. Innkaup og vöruflytningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	x		
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	x		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.	x		

Orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	x		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.		x	Purfum að venja okkur á það
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	x		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	x		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	x		
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	x		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	x		
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	x		
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	x		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.		x	
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.		x	Hitakúturinn er mjög lágt stilltur ca 38°
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.		x	Hér eru engir rennslismælur
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	x		

13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	x		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	x		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.	x		Söfnum regnvatni sem notað er í vatnsleiki úti

Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	x		
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.	x		
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	x		
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	x		
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;			
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			
* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að	x		

þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.			
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.		x	Verður útbúið þegar rafmagnið verður tekið fyrir
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.	x		
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).	x		
* hvernig pappír er framleiddur	x		
* hvernig sé hægt að spara pappír	x		
* hvernig pappír er enduruninn	x		
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist;			
* gönguferðum,	x		Förum í gönguferðir
* hjólreiðum,	x		Hér eru hjól og hjóladagar
* ganga á skíðum		x	Sjaldan skíðafæri en snjóþotur notaðar á hólnum
* skauta (úti).		x	Sjaldan skautafæri
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	x		Haldnar eru hátíðir á vorin - <i>Vor og útskriftarhátíð</i> , haustin - <i>Hreyfing og sköpun</i> , hreinsunardagur á vorin, <i>hjóladagar</i> einu sinni í mánuði þ.e. á dótadaginn,

Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	x		
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	x		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	x		
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	x		
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	x		
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	x		
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	x		